# Hallandi 1, Flóahreppi

## Deiliskipulagsbreyting

FLÓAHREPPUR




HLUTI GILDANDI DEILISKIPULAGS 1:1000, SAMÞ. 20.12.2006




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI 1:1000




AÐALSKIPULAG FLÓAHREPPS 2017-2029, EKKI Í KVARÐA




### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulags- og byggingarnefnd þann ________________

og í sveitarstjórn þann ________________

Tillagan var auglýst frá ________________

með athugasemdafresti til ________________

f.h. Flóahrepps

### GREINARGERÐ

Deiliskipulag, (dags. 18.09.2006) fyrir Hallanda 1, L166234, var samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 20.12.2006. Heildarstærð skipulagsvæðis var 42,7 ha og snerist deiliskipulagið um skilgreina byggingarreiti vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Á skipulagsuppdrætti voru skilgreindir tveir byggingarreitir. Á byggingarreit A stendur eitt íbúðarhús, en byggingarreitur B óbyggður.

Árið 2013 voru gerðar lóðabreytingar þar sem landamerkjum á milli Hallanda 1 og 2 var breytt en þær breytingar hafa ekki áhrif á þessa breytingu nú.

Deiliskipulagsbreytingin nú er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags: *„Heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.“* (Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, bls. 11).

Aðkoma að lóðinni er frá Oddgeirshólavegi (318) um Hallandaveg (3156) eða aðra sambærilega.

**Lýsing deiliskipulagsbreytingar:**

Í breytingunni felst að stækka lóðina L197704. Byggingarreitur A er innan lóðar. Stærð lóðar er skráð 1.575 m² (skv. vef Þjóðskrár í maí 2020) en verður 9.090 m² eftir breytingu. Byggingarreiturinn breytist óverulega, var 4.852 m² en verður 4.900 m².

Á lóðinni er eitt íbúðarhús byggt 1930, 261,8 m². Við stækkun lóðar verður bílskúr (byggður 2010, stærð 102,1 m² ) innan lóðarmarka. Heildarbyggingarmagn eftir stækkun er 363,9 m² (skv. vef Þjóðskrár í maí 2020).

Heimilt verður að stækka núverandi byggingar og/eða byggja nýjar innan byggingarreits. Heildarbyggingarmagn lóðar getur verið allt að 600 m² .

Þá verður nafni lóðarinnar breytt úr Hallanda í Hallanda 1a.

Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags, dags. 18.09.2006

### SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppdráttur 1:1000
- Aðalskipulag 2017-2029, ekki í kvarða
- Greinargerð

Kortagrunnur:

Skipulagsuppdráttur byggir á kortagrunni sem unninn var fyrir gildandi deiliskipulag.

Loftmynd frá Loftmyndum ehf, 2015.

### SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Byggingareitir húsa

### HNITASKRÁ ISN93

| NR | AUSTUR | NORÐUR |
|---|---|---|
| 1 | 407229.38, | 387525.36 |
| 2 | 407344.36, | 387512.99 |
| 3 | 407219.75, | 387435.87 |
| 4 | 407305.60, | 387426.63 |

EFLA

Hallandi 1a
Flóahreppur
Deiliskipulagsbreyting

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 8532-001 | A2 | SOS | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:1000 | 06.05.2020 | 15.05.2020 | |

SAMÞYKKT: TILLAGA